

Geðhjálp ber fram kröfur sínar:

# Geðsjúklingar njóta hvorki lágmarks heilbrigðisþjónustu né almennra mannréttinda

Fundur haldinn 15. janúar 1980 í Geðhjálp, félagi geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara, samþykkir eftirfarandi ályktun, sem send hefur verið yfirvöldum félags- og heilbrigðismála.

Í okkar þjóðfélagi njóta geðsjúklingar hvorki lágmarks heilbrigðisþjónustu né mannréttinda yfirleitt. Við bendum á, að ekki eru til sjúkrarúm nema fyrir brot af þeim geðsjúklingum sem á þurfa að halda, og þar að auki eru mörg þeirra sem til staðar eru gjörsamlega ófullnægjandi. Alengt er að geðsjúklingar þurfi að bíða eftir plássi á geðsjúkrahúsi í fangageymslum lögreglunnar og þeir geðsjúklingar sem framíð hafa afbrot sitja inni í almennum hegningarhúsum fyrir sjúkdóm sinn og er engu líkara en geðsyki sé talin refsiverð á Íslandi.

Gæðdeild Landsspítalans er nú tilbúin til notkunar og við krefjumst þess að hún taki til starfa strax. Við krefjumst þess að sjálfræðissvifting geðsjúklinga verði lögð niður, en í staðinn skuli alit þriggja manna, sem allir hafi annað hvort lækni- eða sálfræðimenntun, nægja til að setja geðsjúklinga í þá meðferð sem ofangreindum aðilum þykir nauðsynleg. Aðstandendur geðsjúklinga skulu á engan hátt vera ábyrgir fyrir sjálfræðissviftingu, þar sem

slikt er hættulegt bæði geðsjúklingum og aðstandendum.

Við krefjumst þess að neyðarþjónusta verði opin allan sólarhringinn, þar sem hægt verði að hringja og fá hættulega veikt fólk flutt samtundis á sjúkrahús, af mönnum sem lært hafi meðhöndlun geðsjúkra.

Við krefjumst þess, að þeir geðsjúklingar sem þurfa að vera á lyfjum eða mæta á göngudeildir, en gera ekki, eins og algengt er, séu undir eftirliti læknis eða sálfræðings sem heimsæki þá a.m.k. vikulega og oftast ef þörf krefur. Fylgist með ástandi þeirra og aðstandenda þeirra og reyni að greiða úr þeim vandamálum sem skapast kunna.

Við krefjumst aukinnar þjónustu sálfræðinga inni á sjúkrahúsum og teljum sumt af því, sem félagsráðgjafar nú starfa við, geti sálfræðingar betur gert.

Við krefjumst aukinna líkamlegra rannsókna á geðsjúklingum.

Við krefjumst þess, að engin geðsjúklingur sé rekinn nauðugur frá geðsjúkrahúsi.

Við krefjumst þess að geðsjúklingar, sem koma sjálfir og leita hjálpar, fái hjálp þegar þeir biðja um hana, en séu ekki látnir bíða þar til þeir gefast upp, hins vegar teljum við mjög heimskulegt að

ætlast til þess, að allir geðsjúklingar biðji um hjálp sjálfir, því margir eru ekki færir um það.

Við teljum það skyldu félagsráðgjafa, að útvega geðsjúklingum vinnu eða skólavist og að hjálpa þeim að standa sig í því sem valist hefur.

Við krefjumst þess, að öllum geðsjúklingum verði hjálpað til að stunda nám eða vinnu eftir óskum og getu hvers og eins á verndubum vinnustöðum, sem þarf að fjölga mjög, og utan þeirra.

Við krefjumst þess, að þeir geðsjúklingar, sem ekki eru færir um að stunda neitt utan stofnunar, fái tækifæri og hjálp til að stunda launaða vinnu, bóklegt og verklegt nám, eftir óskum og getu inni á stofnunum sjálfum. Vinna geðsjúklinga skal borguð eftir almennum launatöxtum, hvort sem hún er stunduð á verndubum vinnustöðum eða utan þeirra.

Við krefjumst þess, að á hverju geðsjúkrahúsi verði sérstakt geðsjúklinga- og aðstandendaráð og sérstakur trúnaðarmaður geðsjúklinga og aðstandenda.

Við krefjumst aukinnar fræðslu um geðsjúkdóma til almennings.

Við krefjumst þess síðast en ekki síst, að þeim geðsjúklingum, sem ekki þurfa að dvelja inni á sjúkrahúsi en geta ekki búðir hjá aðstandendum sínum, verði séð fyrir góðum verndubum heimilum, sem líkist venjulegum heimilum svo sem frekast er kostur og veiti heimilismönnum góða hjálp til að stunda nám eða atvinnu utan eða innan heimilis eftir því sem við á. Frá slíkum heimilum skal óheimilt að vísa fólki nema í nauðsynlega meðferð inn á sjúkrahús.

Það, sem við förum fram á hér, er aðeins það, að bætt verði úr sárustu neyðinni og við gerum okkur grein fyrir að margt fleira má betur fara. Sjónarmið geðsjúklinga og aðstandenda þeirra hafa hingað til lítið heyrst, en við bendum á, að það er fólkið sem þekkir best þau félagslegu vandamál sem geðveiki skapar og í þeim efnum stendur engin menntun reynslunni á sporði.

Að síðustu minnum við alla ráðamenn á, að geðveiki er algengasta fötlun sem til er, og biðjum þá að íhuga hvort þeim þættu þessar kröfur of miklar, ef sú persóna sem þeim er kærust yrði þeirri fötlun að bráð.